

Klúku annarsvegar og Þjóðjardarinnar Hrafnkelsstaða hinsvegar, og sem var dæmt af sýslumanni og meðdómendum í aukarjetti Norðurmúlasýslu 21. dag maímán. 1887, var vísað frá yfirdómi með dómi 17. desembermán. f. á., fyrir þá sök, að kálfsskinnsblað, er lagt hafði verið fram í merkjadóminum, og sem, að því segir í dómsgjörðunum, átti að fylgja þeim frumritað, kom ekki fram við yfirdóminn. — Nú hefur máli þessu aptur verið stefnt fyrir yfirdóminn með stefnu 12. jan. þ. á., og hafa hinar sömu dómsgjörðir og áður verið lagðar fram í yfirdómi, alveg óbreyttar og án þess að kálfsskinnsblaðið fylgdi. En fram er lagt eptirrit af þessu kálfsskinnsblaði, er notarius publicus í Norðurmúlasýslu hefur staðfest. Þetta eptirrit hefur ekki verið lagt fram í hjeradi og málsþörtum ekki veittur kostur á að segja álit sitt um skjal þetta. Verður því einkum þar eð hinir stefndu ekki hafa mætt eða látið mæta fyrir yfirdóminum, þótt þeim sje löglega stefnt, að vísa málinu frá yfirdóminum. Málskostnaður fellur niður.

Því dæmist rjett að vera:

Máli þessu vísast frá dómi. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Nr. 16/1889

B. H. Bjarnason

gegn

Klemens Jónssyni fyrir

hönd F. A. Löve.

D ó m u r :

Mál þetta er risið út af skuld, er hinn stefndi,

Klemens Jónsson fyrir hönd F. A. Löve, telur áfrýjanda, B. H. Bjarnason, eiga sjer að lúka, að upphæð 51 kr. 50 a. Var það dæmt fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur kaupstaðar 7. febr. þ. á., með þeim úrslitum, að áfrýjandi skyldi greiða stefnda umgetnar 51 kr. 50 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi, 24. okt. 1888, til borgunardags, og 12 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefur B. H. Bjarnason skotið til landsyfirdómsins með stefnu, dags. 18. febr. næstl., og krafizt að verða sýknaður af kröfum stefnda í málinu, en að stefndi verði dæmdur til að borga allan málskostnað, bæði fyrir undir- og yfirdómi, með einhverju nægilegu eptir mati rjettarins. Á hinn bóginn hefur hinn stefndi krafizt að dómur bæjarþingsrjettarins verði staðfestur og að áfrýjanda verði gjört að greiða sjer málskostnað fyrir yfirrjettinum með einhverju nægilegu eptir mati rjettarins.

Mál þetta er þannig vaxið: Við árslok 1887 skuldaði áfrýjandi klæðsala F. A. Löve samkvæmt reikningi 51 kr. 50 a., og er áfrýjandi ekki greiddi skuld þessa, höfðaði Klemens Jónsson cand.juris í umboði Löve mál þetta. Áfrýjandi hefur ekki viljað kannazt við, að hann skuldaði Löve neitt, því honum sje talið til skuldar á árinu 1884 fyrir vetrarfrakka 45 kr., er hann aldrei hafi fengið, og Löve hafi gleymzt að færa til reiknings 44 kr., sem áfrýjandi segist hafa borgað honum 30. jan. 1887.

Að því nú fyrst kemur til hinnar fyrnefndu upphæðar, 45 kr., skal það tekið fram, að áfrýjandi að vísu hefur neitað, að hann nokkru sinni hafi fengið reikning fyrir þessu sem svo mörgu öðru frá Löve, en eins og stefndi hefur haldið því fast fram, að Löve hafi árlega sent áfrýjanda eins og öðrum viðskiptamönnum sínum reikning, án þess hann hafi að reikningunum

fundid, eins hefur hann tekið fram, að áfrýjandi hafi á sáttafundinum í málinu sýnt einn af þessum reikningum, að hann minnr fyrir 1886, og skorað á hann að leggja hann fram, án þess áfrýjandi þó yrði við þeirri áskorun. Þegar nú á þetta er litið, í sambandi við brjef það, sem lagt hefur verið fram í málinu, frá áfrýjanda til Löve, dags. 7. okt. 1887, þar sem áfrýjandi biður Löve afsaka, að hann ekki sje búinn að greiða honum skuld sína, og biður hann að umlíða sig — en sú mótbára áfrýjanda, að brjef þetta hafi alls ekki átt við verzlunarskuld hans til Löve, styðst eigi við neitt það, sem annars hefur komið fram í málinu — virðist vera fengin næg sönnun fyrir, að áfrýjandi hafi árlega fengið viðskiptareikning frá Löve og aldrei sett út á fyr en nú í þessu máli, og neitun hans um að hafa fengið þennan umrædda vetrarfrakka verður því ekki tekin til greina. Og með því áfrýjandi ekki hefur fært neinar sönnur á, að hann hafi greitt Löve 30. jan. 1887 44 kr., en stefndi hefur fastlega neitað því, verður að staðfesta hinn áfrýjanda dóm, einnig að því til málskostnaðar kemur. — Samkvæmt þessum úrslitum ber áfrýjanda einnig að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er eptir atvikum þykir hæfilega metinn 12 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjandi dómur á að vera óraskaður. Áfrýjandi B. H. Bjarnason greiði stefnda, Klemens Jóns-syni fyrir hönd F. A. Löve, málskostnað fyrir yfirdómi með 12 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans undir aðför að lögum.